



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið - Haustönn 2013

Sagnfræði og heimspekideild - Sag102G

Námskeið: Íslandssaga fyrir 1815

Kennari: Sverrir Jakobsson

**Kvennarán**

Nemandi: Arnar Sverrisson 290451-4859.

Dagsetning: 7. október 2013.

## Inngangur

Á síðustu áratugum hafa sagnfræðingar í auknum mæli beint sjónum að konum í sögunni. Vafalaust gætir þar áhrifa frá kvenfrelsunarhreyfingu þeirri, er skaut rótum fyrir einni og hálfri öld síðan. Spurt er um áhrif kvenna í sögunni, leitað nýrra heimilda og gamlar skoðaðar undir öðru sjónarhorni. Nýrra spurninga er spurt, sem varða efnivið, forsendur þess og hagsmuni, er ritar og rannsakar.

Í ritgerðarkorni þessu verður fjallað um kvennarán á þjóðveldisöld, þ.e. frá upphafi Íslands byggðar til miðrar þrettánda aldar. Megináhersla er lögð á íslenska þjóðveldið, en augum mun einnig verða skotrað til Norðurlanda, einkum Noregs, því það er hald manna, að íslenska þjóðveldið sæki þangað fyrirmynd að sjálfu sér.

Sjálfst hugtakið, kvennarán, felur í sér ofbeldi gagnvart þeim konum, sem í hlut eiga. Böndin berast ósjálfrátt að karlmönnum. Spurt verður, hvort um hafi verið að ræða rán í eiginlegri merkingu þess orðs og hvað í slíku ráni þá fólst.

Frumheimildir slíkrar skoðunar eru einkum hinn forni lagabálkur, Grágás, Íslendingasögurnar og forn skrifaboð, en hér styðst ég við úrvinnslu annarra fræðimanna á þeim.

Gildi heimilda skoða ég nánar. Hugtakið kvennarán verður nánar skýrt og gerð grein fyrir nálgun og efnistöfum.

## Um heimildir

Í árunna rás hefur margt verið skrifað og skrafað um gildi Íslendingasagna. Ljós þykir, að flestar hafi þær verið skrifaðar til skemmtunar fólki. Í slíkum sögum gerir höfundur ráð fyrir, að megindrættir sögusviðsins og hugmyndaheimur sé kunnur lesendum. Því er tæpast lögð rækt við að tíunda það, sem alkunna er. Þetta á t.d. við almenna atvinnuhætti og algengt heimilishald. Sama gildir um kunn kynhlutverk. Þess vegna sætir varla furðu, að í spennusögum úr heimi stjórnmalanna, sem óneitanlega er vettvangur flestra Íslendingasagnanna, skuli lítil rækt lögð við óbreytt og venjubundin hlutverk kvenna eða karla. Á grundvelli annarra heimilda verður því að lesa milli línanna. Það liggur utan þessa ritgerðarefnis að brjóta til mergjar sannsögugildi Íslendingasagna. Hér er tekin sú afstaða, að þær endurspegli í megindráttum hugarheim Íslendinga á þjóðveldisöld.

Grágás var á sínum tíma aldarspegill, sem speglaði breytingar tíðaranda og þjóðlífs. Það er væntanlega með hans eins og öll önnur lög, að þau eiga uppruna sinn í lifðum gildum, reglum og boðum hlutaðeigandi menningar. Lög eru gjarnan sett til að stemma stigu við tilteknu hátterni. Því má ætla, að hátterni það, sem lögin beinast að, hafi viðgengist um hríð og þyki einhverjum tiltökumál. Í setningu laga felst óhjákvæmilega valdatafl. Því eru þau góð heimild um söguna. Hér verður eðli máls samkvæmt helst skyggst í þá króka löggjafarinnar, sem lítur að samskiptum kynjanna. Svipaðar hugleiðingar má gera sér um skrifaboð. Hér eru það einkum skrifaboð Þorláks biskups Þorhallssonar, sem varpa ljósi á efnið.

## Um að skrifa sögu

Það eru ær og kýr hins vísindalega söguskrifara að skoða efniviðinn úr fleiri sjónarhornum; setja mismunandi gleraugu á nefið eða hatt á kollinn. En það má í sjálfu sér einu gilda, hvort skipt er um gleraugu eða hatt í þessu efni, ritarinn mun væntanlega aldrei geta losað sig úr viðjum eigin huga. Þetta á ekki síst við, þegar fjallað er um kyn og kynferði. Helga Kress skoðar með augum Þórhildar skáldkonu, þegar Valgerður, dóttir Hallgerðar langbrókar, kemur inn í sjónmál Þráins bónda hennar. (1) Í bliku bónda síns sér Þórhildur girnd eiginmannsins í garð Valgerðar og bregst öndverð við, brigslar honum þess í níðvísu að vilja leggja hina fjórtán vetra konu í rekkju sína og afmeyja. Höfundur er hneykslunarhella. Hún horfir á atburðinn með sjónum nútíma kvenfrelsara og barnaverndar. En á grundvelli aðstæðna á þjóðveldisöld er um glámskyggni að ræða. Þá var giftingaraldur kvenna í Evrópu um tólf til fjórtán ár. (2) Það er engin ástæða til að efast um girnd Þráins. En hann fór í hvívetna að góðum siðum og lögum þeirra tíma. Hann óskaði skilnaðar á svipstundu frá skáldkonunni og bað sér Valgerðar. Honum hefði þó að öllum líkindum orðið skotaskuld úr því að taka hana sér til frillu og skaprauna þar með spúsu sinni en frekar, biði honum svo við að horfa.

Sumir sagnfræðingar eltast við hið dýra gull, sannleikann sjálfan. En hann hefur löngum reynst háll sem áll, bæði lævís og lipur sem syndin. Hinir sömu gleyma því, að allt er í heiminum hverfult og allt fram streymir endalaust – eða með orðum Herakleitosar hins forngríska; maður stígur aldrei í sömu elfuna tvisvar. Mennirnir breytast og sagan með. Menn skapa sögu sína. Svo er um sögu þjóðveldisins. Þorgerður K. Þorvaldsdóttir leitir sannleikans. Hún segir:

„Að lokum eru svo hugleiðingar um nauðsyn þess að rétta af karlaslagsíðuna [í söguritun] og endurmeta framlag kvenna til Íslandssögunnar. Ávinningurinn af því væri að æska landsins, einkum og sér í lagi þó ungar stúlkur, fengju heilsteyptari og jákvæðari mynd af formæðrum sínum og öðluðust þar með sannari fortíðarsýn.“ (3)

Þorgerði rekst vissulega rétt orð á munn, þegar hún segir söguskrifara flesta karla. Það er óumræðilega sannleikanum samkvæmt. En merkir það, að karlmenn gefi neikvæða mynd af konum eða neikvæðari mynd af þeim en körlum? Það hefur varla við nokkur rök að styðjast. Því mun ég koma að síðar. Þorgerður gerir því skóna, að konur almennt – jafnvel gervallt kvenkynið – horfi á veröldina af sérstökum sjónarhóli kvenna. Og karlar allir af öðrum. Það virðist mér ævintýrleg einföldun. Reynsluheimur karla og kvenna skarast verulega jafnvel í hefðbundnum kynjahlutverkum. Karlar og konur hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta ekki síður en hið gagnstæða. Skoða verður sögulegar aðstæður og eiginleika allra leikenda á hinu mikla leiksviði lífsins, ef segja skal trúverðuga sögu.

Þorgerður leggur enn orð í belg:

[Ég] vek athygli á því að ekki ein einasta kennslubók í Íslandssögu er skrifuð af konu. Karlmenn hafa algerlega einokað þennan markað og þar með réttinn til að skilgreina hvað í fortíðinni sé þess virði að nota til að uppfærða komandi kynslóðir. Þetta hlýtur að vera nokkurt áhyggjuefni því karlmenntöskan er ekki eins og hver önnur flík sem fræðingurinn getur losað sig við áður en hann byrjar að vinna heldur fylgir hún fræðimanninum eftir í verkum hans og mótar þær spurningar sem hann kys að leita svara við í fortíðinni. (4)

Það fylgir ekki sögunni, hvað torveldi því, að konur skrifi kennslubók í Íslandssögu. Ei heldur með hverju hætti karlmenn einoka markaðinn. En látum það liggja milli hluta. Orð hennar um karlmenntöskuna vekja sérstaka athygli.

1. Helga Kress, „Gægur er þér í augum,“ bls. 90. - 2. Jón Viðar Sigurðsson „Börn og gamalmenni á þjóðveldisöld,“ bls. 115. - 3. Þorgerður K. Þorvaldsdóttir, „Hvað er svo merkilegt við það að vera karlmaður,“ bls. 273. - 4. Sama rit, bls. 277.

Vissulega er það rétt að sérhver karlmaður skrifar af eigin sjónarhóli eða sjónarhólum. En hvers vegna skyldi karlmennskan verða honum frekar fótakefli en konum kvenleikinn? Væntanlega hrasa þá bæði kyn í „flíkum“ sínum. En það hugleiðir hlutaðeigandi sagnfræðingur ekki.

Þorgerður rýnir í heimildir sínar á grundvelli skiptingar kvenna í kynverur, tengla og gerendur. Gæti þetta verið mér leiðarvísir? Varla! Því hvaða konur eru ekki allt í senn kynverur, tenglar og gerendur í mannlegum samskiptum? Mér verður svara fátt. En Þorgerður skilgreinir gerendur með þeim hætti, að hugsanlega mætti að gagni koma.

[Gerendur eru] „þær konur sem talið er að átt hafi þátt í að móta söguna. Þær sem þarna komast á blað eru mældar með mælistiku karlasamfélagsins og gildar fundnar. Þær hafa náð að hrista af sér fjötra kvenleikans og eru því taldar jafnokar karlhetjanna.“ (5)

Þorgerður fjölyrðir ekki um kvenleika. Hvað felst í honum? Hefur hann sérstakt gildi við áðurnefnda sannleiksleit? Er kvenleikinn frábrugðinn karlleikanum í veigamiklum atriðum? Það sýnist mér ekki. Það er miklu fremur spurning um gildi, siði, stétt og hlutverk. Manngildið var eitt og samt á þjóðveldisöld, hvort sem áttu í hlut karlar eða konur. Það mun ég skoða betur síðar.

Þorgerður er neikvæð fyrirmynd söguskrifara. Gleraugu hins öfgafull kvenfrelsara sitja vel á nefi hennar. Um hið nafntogaða Hvassafellsmál skrifar hún:

Eftir tilkomu Stígamóta og umræðunnar um sífjaspell er ómögulegt að lesa frásögnina án þess að sjá misnotkun föður á 13 ára dóttur.” Og hún bætir við:

“Ef sagnfræðin ætlar sér að fjalla um þau viðfangsefni sem brýnt er að fást við í samtímanum, og í þann flokk hljótum við að setja kynferðisafbrot gegn konum og börnum, getur Hvassafellsmálið varpað ágætu ljósi á það hvernig litið var á konur sem réttláusar kynverur þar sem enginn munur er gerðar á fórnarlambi og geranda eins og sést á því að Randíður, sem einungis er 13 ára barn, er álitin jafnsek og Bjarni faðir hennar. (6)

Þorgerður fellur hér á sama bragði og stalla hennar, Helga. Sjóndeildarhringurinn er þröngur. Sjálfsagt ber að skoða kynferðisafbrot gagnvart konum og börnum. En hvað með karlana? Skal ekki skoða afbrota af sama tagi gagnvart þeim? Hvað um hugsanlega meðsekt kvenna, t.d. við „kvennarán“? Þau eru öðrum þræði kynferðisafbrot gagnvart konum.

Þorgerður gerir konur að tvöföldum fórnarlömbum karla. Í einn stað meiða þær konur og annan stað láta þeir hjá líða að gera rétta grein fyrir afbrotum sínum. Alhæfingar eru gífurlegar. Í veröldinni lifir um þessar mundir u.þ.b. þrír og hálfur milljarður karla. Hér er hvorki staður né stund til að rýna í skilning Þorgerðar á kynferði. Það mundi flækja málflutning hennar og söguskoðun að miklum mun. Um kvennasögu segir Þorgerður:

Kvennasaga má þó ekki einblína á bágan hlut kvenna, kúgun og misrétti. Við verðum að þora að nefna kúgun sínu rétta nafni og viðurkenna hana sem hluta af sögunni, en

5. Þorgerður K. Þorvaldsdóttir, „Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður“, bls. 284. - 6. Sama rit, bls. 292-293.

þar má ekki láta staðar numið. Konur verða að komast af “aumingjastiginu.” Saga kvenna er meira en saga þolenda og við eigum ekki að þurfa að hugsa “grey þær” í hvert skipti sem við lesum um ömmur okkar eða langömmur.” (7)

Konur voru á þjóðveldisöld og hafa trúlega aldrei í sögunni verið meiri þolendur en karlar. Það vona ég að geta sýnt fram á í framhaldinu Þorgerði og hennar líkum til huggunar. En sú skoðun, að konur séu fórnarlömb í lífinu virðist giska útbreidd – einnig meðal sagnfræðinga. Gunnar Karlsson hefur skrifað heila grein í þá veru, þar sem hann einblínr á bein og rituð völd til að gera hlut kvenna við sköpun eigin sögu sem minnstan. (8) Jón Viðar Sigurðsson dvelur við svipað heygarðshorn. Hann staðhæfir nefnilega:

„Í pólitískum átökum 12. og 13. aldar notuðu goðarnir kvennarán til að niðurlægja andstæðinga sína og ögra þeim. Konurnar urðu, eins og bæði fyrr og síðar, fórnarlömb í stríðsleikjum karla.”

Enn kveður við þann tón, að konur séu fórnarlömb vondra karla. Vel kann það að vera, að ofbeldi karla gagnvart konum skýrist í sumum tilvikum af þörf goða fyrir að niðurlægja hvern annan – og goðar voru eins og kunnugt er karlmenn. En þörf er alveg einstakrar rökfimi til að sannfæra sjálfan sig og lesendur um það, að konur í sögunnar rás hafi almennt bedið meira tjón á sálu og líkama en karlar. Sama gildir sérstaklega um þjóðveldisöldina. Ég geri mér vonir um að geta fært gild rök að því, að konur ekki síður en karlar hafi átt þátt í ýmis konar ódæðisverkum – venjulega beint gegn körlum, en ekki konum – og stríð þar meðtalin. Þáttur þeirra var að vísu óbeinn í meginþorra tilvika, en afgerandi þó.

### **Nálgun – grundvallarviðhorf**

Samskipti kynjanna eru með öllu óskiljanleg nema beitt sé hugtökum á borð við hlutverk, væntingar, stöðu, gildi, siðboð, ábyrgð, tilfinningar, lög, rétt og vald. Hugtökin geng ég út frá að skýri sig sjálf. Þó er ástæða til að dvelja við það síðasttalda. Í mannlegum samskiptum er til alls konar vald. Sagnfræðingar hafa löngum einblínt á beint vald, þ.e. vald sem gefið er í lögum, samningum og stjórnsýslu. En það gleymist iðulega í þessu sambandi, að lög eru sett á grundvelli hinna óskrifuðu laga, sem reist eru á góðu siðferði þess tíma sem um ræðir, hinu óbeina valdi. Öll lög sem ganga í berhögg við gott siðferði eru vond. Því mun ég ganga út frá því, að hið skrifaða orð eigi rætur í hinu óskrifaða. Hins vegar þarf að hafa vakandi auga fyrir því, hver reit þau og í umboði hvers.

Venjulega eru völd og áhrif spyrnt saman í daglegu tali. Ástæða er til að ætla, að svo hafi einnig verið á þjóðveldisöld. Í ljósi þess hlutverks, sem konur hafa haft með höndum frá ómunatíð, þ.e. meginumsjón með uppeldi barna til sjö ára aldurs, og þeirrar óumdeilanlegu staðreyndar, að börn mótast í grundvallatriðum á þeim tíma, hafa konur eða öllu heldur mæður ógnarleg völd. Börn hafa við hné þeirra numið síði samfélagsins og meðtekið menningararf þess að verulegu leyti. Eðlilega hafa mæður og konur af barnsaldri verið fyrirmyndir stúlkna. Reglur um samskipti kynjanna hafa drengir og stúlkur numið á heimilinu, sem í öllum aðalatriðum var undir stjórn húsfreyjunnar, sem venjulega voru mæður einnig, eiginkonur eða frillur húsbóndans eða föður barnanna. Kynhlutverk karla og kvenna voru í meginráttum hin sömu og í samfélögum á svipuðu stigi, en að grunni til voru þau arfleifð frá steinaldarsamfélögum veiðimanna og safnara.

7. Þorgerður K. Þorvaldsdóttir, „Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður, bls. 300-301. – 8. Gunnar Karlsson, „Kenningin um fornt kvenfrelsi á Íslandi.“ – 9. Jón Viðar Sigurðsson, „Konur og kvennarán á Íslandi á 12. og 13. öld, bls. 79.

Kynhlutverk karla og kvenna eru óhjákvæmilega samofin og í þeim eru fólgnar gagnkvæmar væntingar, virðing og réttur. Kynin eru hvoru öðru háð í öllum greinum. Skuli sagan skrifuð á trúverðugan hátt, verður að taka mið af þeim báðum og hafa ofanritað í huga. Um atburði þjóðveldisaldar – Sturlungaöldina nánar tiltekið – skrifar Agnes S. Arnórsdóttir: Ekki er

hægt að útskýra stöðu manna, og þar með kvenna, án þess að hafa í huga þjóðfélagsástandið í heild sinni. Bardagar brutust oft út heima á bæjum og það voru ekki bara þeir sem börðust sem urðu fyrir tjóni. Því verður ekki heldur valdabarátta karla almennilega skýrð nema hún sé skoðuð í ljósi þeirra stöðu er konur höfðu í samfélaginu. Konur klæddust ekki brynju eða héldu á sverði, en eggjuðu menn til dáða og voru leiðbeinendur þeirra og ráðgjafar í pólitískum hildarleik. Blóðhefnd lá að baki öllum stjórnfarslegum athöfnum, og konur voru hluti hefðarinnar og hefndakerfisins.

Ég mun gera mér far um að svipast um í þessum anda. Skoðum þá, hvað í svonefndum kvennaránnum bjó.

## **Kvennarán**

Í Íslendingasögunum er talað um að konum sé lyft úr sæng sinni og þær bornar brott, að þær séu teknar með sér eða teknar herfangi. Í merkingu orðsins, ráns, felst nauðung. Í einu þeirra rána, sem skýrt er frá í Guðmundur sögu dýra og sem Jón Viðar Sigurðsson tilgreinir í tilvitnaðri grein um efnið (11), nemur brott ekkjuna Jóreiði Hallsdóttur goðinn Sturla Sighvatsson í þeirri von að geta talið henni hughvarf um bónorð fylgisveins hans. En sjálfvirðing kvenna af efri stigum var stór og þær höfðu venjulega styrk í frændum sínum, sem höfðu gagnvart þeim verndarskyldu, málarekstrarskyldu og hefndarskyldu - og framfærsluskyldu gagnvart mæðrum sínum. Jóreiður neitaði að taka til sín fæðu í fangavistinni og sat sem fastast við sinn keip. Af þessu urðu hin verstu eftirmál. Torvelt er að segja, hvað vakti fyrir hinum góða goða með slíkum kjánagjörningi. Á grundvelli gildandi laga og réttar gat hann gert sér í hugarlund afleiðingarnar, því lög buðu, að fjörbaugsgarður gæti legið við að reka konu koss ellegar nálgast hana í rekkju sinni, skóggangur við mansöng og sama refsing við að eiga mök við hana nauðuga eða taka hana á brott nauðuga. (12) Sturlu hlaut einnig að vera kunnugt um þrek og þor kvenna af æðri stigum í samskiptum við karlmenn. Þær létu jafnvel gera leiðinlega vonbiðla höfðinu styttri. Lög Grágásar veittu konum almennt séð góða vernd gegn yfirgangi karlmanna. Honum var einnig kunnug um, að Jóreiður var ekkja og því sjálfstæðari og réttþærri fyrir lögum en konur yfirleitt, enda þótt hið ytra vald lögráðamanna hefði færst til karla eigin ættar. (13, 14) Hugsanlega hefur Sturlu brostið dómgreind, enda þótt engum sögum fari af, hvort hann hafi verið látinn þreyta hið stórskemmtilega greindarpróf fyrir karla, sem kveðið eru um í Grágás. Líklega hefur hann kunnað á því skil, hvað snéri aftur og fram á söðli. En dómgreindarbrestur hans virðist engu að síður býsna hjákátlegur. Frá upphafi virtist einnig loku fyrir það skotið, að fylgismaður hans nyti kynlífs með hinni stórlátu ekkju ellegar eignaðist aura hennar. Aurana ætlaði hún dótturinni og var sjálfráð samkvæmt lögum um þá gjörð. Þegar öllu er á botninn hvolft; hér skrifar karlhöfundur skop um annan karl, lesendum til skemmtunar – eins konar skopspennu.

10. Agnes S. Arnórsdóttir, *Konur og vígamenn*, bls. 198. – 11. Jón Viðar Sigurðsson, „Konur og kvennarán á Íslandi á 12. og 13. öld“. – 12. Ólafía Einarisdóttir „Staða kvenna á Þjóðveldisöld“, bls. 20-21. - 13 . Auður G. Magnúsdóttir, „Ástir og völd“, bls. 6. – 14. Agnes S. Arnórsdóttir, *Konur og vígamenn*, bls. 15.

Í annarri „ránssögu“, tilgreindri í Guðmundarsögu dýra, virðist morgunljóst, að þar hleypst tíðleikakona Ingimundar trésmiðs í Kálfsskinni á brott með honum sjálfviljug.

Í grein sinni: „Börn og gamalmenni á Þjóðveldisöld“, (15) leiðir Jón Viðar Sigurðsson að því líkum, að yngri karlar rændu þá eldri konum sínum sökum fæðar kvenna á hjúskaparmarkaði. Hann endursegir þátt Sturlu sögu um Þorgrím prest og hina fögru Álofu, sem nutu gistingar goðans Einar Þorgilssonar. Þorgrímur prestur hafði riðið forkunnargæðingi í hlað. Skemmst er nú frá að segja, að heimilismanni goðans, Halli Þjóðólfssyni, þótti ótækt, að svo roskinn maður flekaði konu svo væna. Við svo búíð rændi hann bæði gæðingnum og konunni. Jón Viðar leiðir að því getum, að hér hafi goðinn verið með í ráðagerð. Í þessu tilviki sem hinu fyrst greinda fer ekki sögum af dómgreind goðans, en megi gera ráð fyrir, að hann hafi þekkt löggjöfina, er slíkt afar ólíklegt. Miklu sennilegra er hið gagnstæða. En engu að síður hefur goðinn þurft að súpa seyðið af óskemmtilegum eftirmálum, sem varla gátu orðið á annan veg, en að konunni yrði skilað. Og hrossi raunar einnig, en það nálgæðist klerkur eftir öðrum leiðum. Af frásögninni má lesa, að hlutaðeigandi goðar hafi reynt að halda úrlausn mála í þagnargildi. Svo neyðarleg var uppákoman. Hin vænlega Álof virðist samkvæmt sögunni hafa látið sér vel líka. Allavega rak hún ekki upp gól. Því er ekki fjarri lagi að álykta, að hún hafi fundið þetta ólíkindavafstur uppörvandi tilbreyting í lífinu.

Skal nú greint frá „ráni“ Hallgerðar Runólfsdóttur, sem var kvenna vænst, merkilegust og skörungur að öllu. Víkur sögu til Vatnsfjarðar. Þar bjó goðinn Snorri. Honum er svo lýst, að hann hafi verið smáfaxinn, vænn og forvitur, skörungur mikill. Bróðir hans, Páll, var aftur á móti manna vænstur og gjörvilegastur. Það fylgir ekki sögunni, en milli línanna má sjá, að Páll hinn gjörvilegi hafi hitt og hrifist af Hallgerði – trúlega á þingi eða öðru mannamóti. Hrifningin hefur væntanlega verið gagnkvæm – eins og hjá miklu frægara pari Þjóðveldisaldar, vel að merkja nöfnu hennar langbrók og Gunnari. Allar líkur eru til, að Hallgerður og Páll hafði bæði lagt á ráðin um „ránið.“ Því er svo lýst, að Páll hafi með liðsafnaði lyft henni úr rekkju sinni og haft á brott með sér ásamt dótturinni. Snorri bróðir hans sá öll tormeiki á slíku háttalagi og réði Páli frá því. En allt kom fyrir ekki. Því er varla sú ályktun gild, að hér hafi goði verið að niðurlægja annan goða eins og Jón Viðar Sigurðsson ýjar að í títtnefndri grein um kvennarán. Hér virðist beinlínis um að ræða frygð, girndarráð og dómgreindarrest hlutaðeigandi. Niðurlægingin kom hins vegar í annan stað fyrir tilstilli goðans, Jóns Loftssonar, þ.e. hjá eljara Hallgerðar og hinum skarpvitra bróður hans, sem trúlega hefur látið undan bróður sínum um hina vafasömu ráðagerð. Þar réði tilfinningavald.

Úr heimildum mínum eru enn ótalin rán. Það mætti kalla rán með „tilbrigðum.“ Goðinn, Guðmundur dýri, nam eitt sinn á brott klerk nokkurn, Björn Steinmóðarson, ásamt fylgikonu hins síðarnefnda, Þórunni Öfundardóttur. Í því tilviki brást Kolbeinn Tumason snöfurmannalega við og beindi þeim tilmælum til Guðmundar, að konan skyldi ekki svívirt. Það gekk eftir og hjúin voru leyst úr haldi. Þetta atvik sýnir svo ekki verður um villst, að karlar gátu borið fyrir brjósti æru kvenna í kynferðislegu tilliti, en að því hefur verið leitt getum, að einungis eiginmönnum eða körlum konunum nátengdir, hafi beðið hnekki æru sinnar við kvennarán. (16)

Þórður kakali var kunnur að ofbeldi og yfirgangi á sínum tíma. Að undirlagi hans rændi Ásgrímur Guðjónsson, liðsstjóri Þórðar, eiginkonu Högna nokkurs, sem hann vildi berja á, en

15. Jón Viðar Sigurðsson, „Börn og gamalmenni á þjóðveldisöld,“ bls. 126. – 16. Jón Viðar Sigurðsson, „Konur og kvennarán á Íslandi á 12. og 13. öld,“ bls. 73.

hafði hlaupið í felur. Áætlunin gekk eftir. Högni kom úr felum til að bjarga eiginkonu sinni, en hlaut bana af. Hér er varla um að ræða „eiginlegt“ kvennarán. Ætla má, að annar náinn ættingi Högna hefði gert sama gagn. (17)

Sú spurning vaknar við lestur þessara brotthlaupa og rána, hver séu þau gildi og eiginleikar, sem í heiðri voru hafðir á þjóðveldisöld. Lýsingar Íslendingasagna gætu gefið vísbendingar. Gísli Jónsson hefur tekið saman fjórtú og níu lýsingar kappa og kvenskörunga. Skoðum nokkrar svipmyndir.

Eftir víg eiginmanns síns, Þráins Höskuldssonar, steypir Hildigunnur Starkaðardóttir, ekkja hans, blóðugri skikkju hins vegna yfir föðurbróður sinn, Flosa Þórðarson, með áfrýjunarorðum um vangetu hans til hefnda. Mælti þá Flosi hin fleygu orð: “Þú ert ið mesta forað og vildir að vér tækum það upp er öllum oss gegnir verst, og eru köld kvenna ráð.” (18)

Um annað stórmenni úr röðum kvenna, Guðrúnu Ósvífursdóttur, segir Gísli: “Hún var kvenna vænst bæði að ásýnd og vitsmunum. Hún var svo kurteis að í þann tíma þótti allt barnaglingur sem aðrar konur höfðu í skarti hjá henni. Hún var allra kvenna kænst og best orði farin. Hún var örlynd kona og grimmynd. Hún var mikið keppikefli karla.”

Ástmey Leifs heppna, Þórgunnu hinni suðureysku, er svo lýst: “Hún var ættstór og fjölkunnug, en eftir Eyrbyggju ekki tiltakanlega fríð: “Þórgunna var mikil kona vexti, bæði digur og há og holdug mjög; svartbrún og mjóeyg, jörp á hár og hærð mjög.” Hún var kristin. Hún var hin ernasta kona fram eftir aldri og lagði jafnvel hug á unga sveina, þá sem bráðþroska voru.” (20)

Gunnar á Hlíðarenda

var mikill og sterkur, manna best vígur. Hann hjó báðum höndum og skaut, og vó svo skjótt með sverði að þrjú þóttu á lofti að sjá. Varð það óvinum hans heldur skætt stundum. Hann var bogaskytta afbær og hæfði allt er hann skaut til. Hann hljóp meira en hæð sína með öllum herklæðum og ekki skemmra afturábak en áfram. Hann var syndur sem selur og átti ekki jafningja. Gunnar var fallegur maður, ljóshærður, bláeygur og snareygur og rjóður í kinnnum. Hann var manna kurteisastur, vinfastur og vinavandur, vel auðugur að fé. (21)

Hér gæti Kjartani Ólafssyni allt eins verið lýst.

Þorkell Hallkelsson eiginmaður Helgu hinnar fögru, kvað eftir konu sína (efnislega frá greint): “Eg lagði mína góðu konu andaða í faðm mér; guð svipti hana lífi...þó er mér miklu þyngra að lifa eftir hana.” (22) Svo virðist sem Helga hafi dáðið af harmi eftir andlát Gunnlaugs ormstungu, sem hún hafði unnað frá bernskuárum. Hún handfjatlaði enn skikkju hans í faðmi Þorkels á banastundinni.



Um Ísleif Gissurarson, biskup, sagði lærisveinn hans, Jón Ögmundarson biskup: “Ísleifur biskup, meistari minn, var allra manna vænstur, manna snjallastur og best að sér um alla hluti.” “Hans skal ég í hvert sinn að góðu geta, þá er ég heyri góðs manns getið.” (23)

17. Jón Viðar Sigurðsson, „Konur og kvennarín á Íslandi á 12. og 13. öld,“ bls. 74. – 18. Gísli Jónsson, *Kappar og kvenskörungur*, bls. 33. – 19. Sama rit, bls. 54. – 20. Sama rit, bls. 106. – 21. Sama rit, bls. 58. – 22. Sama rit, bls. 79. – 23. Sama rit, bls. 93.

Hér eru fjölskrúðugar lýsingar og allar af fólki af hærri stigum samfélags þjóðveldistímans. Þau endurspeglu dyggðir, gildi og kosti yfirstéttarinnar. Skiljanlega er í lýsingum þessum ekki lögð áhersla á vopnfimi kvenna, enda báru þær ekki vopn. En þær æstu menn til vopnaskaks ekki síður en að mælast til, að klæði yrðu á vopnin borin. Þær virðast ekki síður grimmyndar en karlar. Dæmi eru um, að þær hafi svalað girnd sinni á drengjum eða ungum körlum – væntanlega frá tólf ára aldri, en þá voru drengir teknir í karlmanna tölu.

Vit, kænska, hugrekki og vænleiki er talinn til kosta beggja kynja svo sem fagurt útlit og líkamsburður. Svo raunar er það harla fátt, sem sundurskilur kynin í þessu samhengi. Það eru engin merki þess, að konur taki karla síður „í sjónmál“ í skilningi Helgu Kress.

Í Grágás er vernd kvenna sterk (24) og samkvæmt Ólafíu Einarsdóttur er samræmi á milli Grágásar og Íslendingasagna. Hún segir:

Sú mynd af konum, sem birtast í Íslendingasögnum, er í fullu samræmi við það sem lesa má í Grágás. Konur hafa varla fengið meira rúm eða jafnari rétt hvað varðar hin fjölbreytilegustu félagslegu málefni í nokkrum öðrum evrópskum lögum frá miðöldum. Þær eru taldar fullgildir þjóðfélagsþegnar, bæði hvað varðar réttindi og skyldur: þær borga skatt, þær sjá fyrir fjölskyldum og fátækum samborgurum samkvæmt gildandi reglum þar að lútandi. Og þeim má refsast með sektum og brottvísun úr landi. (25)

Í skriftaboðum Þorláks biskups Þorlákssonar virðist þó gæta nokkurrar kvenverndarslagsíðu. Upp er talinn fjöldi viðurlaga við hugsanlegum kynlífs- og hjúskaparbrotum karla, t.d. samræði við dýr og karla, sem ekki eiga sér hliðstæðu fyrir hitt kynið. Þó eru viðurlög við því, ef konur leysa girnd hvor annarrar eða ef móðir bölvar barni sínu. (26)

## Niðurlag - umræða

Það leikur varla nokkur vafi á því, að konur jafnt sem karlar hafi verið numdir á brott eða teknir herfangi á þjóðveldistíma bæði í Íslandi og Noregi og víðar. Ætla má, að kvennarínin hafi stundum verið þáttur í hefndarskyldu eða blóðhefnd. Hefndarskyldan var hlutverk karla. Hún var algeng í þeirri tegund samfélaga, er um getur. (27, 28). Konur voru varla á nokkurn hátt fórnarlömb eða leiksoppar karla í slíkum hildarleik. Það var sjaldan snert hár á þeirra höfði og þær nutu sérstakrar verndar að drengskap og lögum. Þegar um eiginleg kvennarín, ótengd blóðhefnd, er að ræða, og þar sem goðar eiga í hlut, er ekki ólíklegt, að um sé að ræða leifar af hinum forna rétti konunga til fyrstu nætur með nýrri brúður meðal undirsátanna. Sá réttur endurspeglar efalaust fornan veruleika mannanna, þegar viðgangur ættarinnar var undir því kominn, að karlar kæmu sæði sínu sem víðast í „frjóa jörð.“ En þar gætti valds og virðingar einnig. Í öðrum tilvikum, þar sem um er að ræða eiginlegt kvennarín, virðist í meginráttum vera um að ræða karla, sem áttu erfitt með að hemja kynhvöt sína og þjáðust af alvarlegum dómgreindarþresti. Enda þótt víða sé eflaust um frásagnarbrögð höfunda

Íslendingasagna að ræða, er ekki ólíklegt, séð af sjónarhóli sagnfræði, félagsfræði, mannfræði og sálfræði, að sögurnar eigi rætur í veruleika formæðra og forfeðra á þjóðveldistíma.

24. Sverrir Jakobsson, „Griðamál á ófriðaröld,“ bls. 126-128. - 25. Ólafía Einarsdóttir, „Staða kvenna á þjóðveldisöld“, bls. 18. – 26. Sveinbjörn Rafnsson, „Skriftaboð Þorláks biskups, bls. 102-109. - 27. Holtsmark, „Kvinnerov.“1964, s. 574-575. – 28. Black-Michaud, *Feuding Societies* , bls. 217-220.

## Heimildskrá

Agnes S. Arnórsdóttir, „Þankar um konur og stjórnsmál á þjóðveldisöld.“ Ritstj. Gunnar Karlson og Helgi Þorláksson. *Yfir Íslandsála*. (Reykjavík: Sögufræðslusjóður 1991), bls. 7-20.

Agnes S. Arnórsdóttir, *Konur og vígamenn. Staða kynjanna á 12. og 13.öld*. (Reykjavík: Háskólaútgáfan 1995).

Auður G. Magnúsdóttir, „Ástir og völd: Frillulífi á Íslandi á þjóðveldisöld.“ *Ný saga*, 2. árg., (1988), bls. 4-12.

Black-Michaud, J., *Feuding Societies*. (Oxford: Basil Blackwell 1975).

Gunnar Karlsson, 1986: „Kenningin um fornt kvenfrelsi á Íslandi.“ *Saga*, 24. árg., Rkv., bls. 45-77.

Helga Kress, „Gægur er þér í augum. Konur í sjónmáli Íslendingasagna.“ Ritstjórar Gunnar Karlson og Helgi Þorláksson. *Yfir Íslandsála*. (Reykjavík: Sögufræðslusjóður 1991), bls. 77-94.

Holtsmark, A., „Kvinnerov.“ Íslenskir ritstjórar Jakob Benediktsson og Magnús Már Lárusson. *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder. Fra vikingetid til reformationstid, bind IX* (Reykjavík: Bókaverslun Ísafoldar 1964), bls. 574-575.

Jón Viðar Sigurðsson, „Konur og kvennarán á Íslandi á 12. og 13. öld.“ *Ný saga*, 9. árg. (1977), bls. 71-80.

Jón Viðar Sigurðsson, „Börn og gamalmenni á þjóðveldisöld.“ Ritstjórar Gunnar Karlson og Helgi Þorláksson. *Yfir Íslandsála*. (Reykjavík: Sögufræðslusjóður 1991), bls.11-130.

Ólafía Einarsdóttir, „Staða kvenna á þjóðveldisöld: Hugleiðingar í ljósi samfélagsgerðar og efnahagskerfis.“ *Saga*, 22. árg., (1984), bls. 7-30.

Sveinbjörn Rafnsson, „Skriftaboð Þorláks biskups.“ *Gripla* 5, (1982), 114-129.

Sverrir Jakobsson, „Griðamál á ófriðaröld.“ *Íslenska sögupingið. Ráðstefnurit I*. Ritstjórar Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson. (Reykjavík: Sagfræðistofnun HÍ 1997), bls. 117-134.

Þorgerður K. Þorvaldsdóttir, „Hvað er svo merkilegt við það að vera karlmaður? Athugun á hlut kvenna í kennslubókum í sögu fyrir grunn- og framhaldsskóla.“ *Saga*, 34. árg., (1996), bls. 273-305.